



Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttsviðs

Reykjavík, 12. júní 2024

MIR24060010

TILLAGA

Breyting á gjaldskrá

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð leggur til við borgarráð að gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar verði breytt með það að meginmarkmiði að sækja tekjur af eldri ferðamönnum sem hingað til hafa notið gjaldfrjáls aðgengis að sundlaugum borgarinnar.

Tekið verði upp sérstakt árskort fyrir eldri borgara á verði sem jafngildi þremur stökkum ferðum fullorðinna í sund eða kr. 4.000.- samkvæmt núverandi gjaldskrá. Gestir sem orðnir eru 67 ára og eldri greiði stakt gjald fullorðinna og gjaldflokkurinn eldri borgarar verði tekinn úr gjaldskránni. Öryrkjar fái áfram frían aðgang að sundlaugum borgarinnar gegn framvísun öryrkjakorts.

Breytingin taki gildi frá 1. ágúst 2024.

Greinargerð;

Sund er mikilvæg heilsubót fyrir fólk á öllum aldir og mikill fjöldi gesta sækir átta sundlaugar Reykjavíkur á hverju ári. Mikill fjöldi eldra fólks sækir sundlaugar borgarinnar og nýtur þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Mjög margir eldri borgarar eru fastagestir og sækja sundlaugarnar á hverjum degi stóran hluta ársins. Mikill fjöldi erlendra ferðamanna 67 ára og eldri sækir sundlaugar Reykjavíkur á hverju ári eða um 14.000 gestir. Reykjavíkurborg verður af verulegum tekjum vegna þessara gesta sem áætlað er að geta numið um kr. 18.500.000 á ári.

Eldri borgarar hafa fengið frían aðgang að sundlaugum borgarinnar svo lengi sem elstu menn muna og er mikilvægt að tryggja þessum hópi íbúa áfram gott aðgengi að laugunum. Meginmarkmið með þessari tillögu um að breyta gjaldskránni er að tryggja að eldri ferðamenn greiði fyrir aðgang að þessari mikilvægu þjónustu.

Samkvæmt áliti innviðaráðneytisins í máli nr. IRN22010877 (<https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/?newsid=f181fa9b-14f6-11ee-9bbb-005056bc4727&cname=%c3%81lit%c2%a0%c3%a1+svi%c3%b0i+sveitarstj%c3%b3rnam%c3%a1la>)

þá mega sveitarfélög ekki mismuna gestum eftir búsetu og því ekki hægt að veita einungis eldri Reykvíkingum frían aðgang að sundlaugum borgarinnar.

Reykjavíkurborg hefur aftur á móti leyfi til að bjóða upp á með gjaldskrá mismunandi gjaldflokka og veita afsláttarkjör m.a. með útgáfu korta eins og árskorta.

Reykjavíkurborg greiðir nú þegar niður sundferðir allra gesta með núverandi gjaldskrá og samkvæmt henni greiðir Reykjavíkurborg að meðaltali kr. 1.200.- með hverjum gesti sem sækir sundlaugarnar eða um 50% af stöku gjaldi. Án innri leigu greiðir Reykjavíkurborg kr. 539 með hverjum gesti. Það er þó mismunandi eftir sundlaugum en þetta er reiknað meðaltal allra sundlauga borgarinnar.

Eldri borgarar hafa verið með frían aðgang að sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu en eins og meðfylgjandi tafla frá 2024 ber með sér eru mörg dæmi þess í sveitarfélögum víða um land að þessi aldurshópur greiði fyrir aðgang í sund.

| 67 ára og eldri | Stakt gjald | 10 miðar | 30 miðar | Árskort | |
|-----------------|-------------|----------|----------|---------|-------------------------|
| Húsavík | 720 | 3.850 | | 24.850 | |
| Akureyri | 330 | | | 6.900 | |
| Dalvík | 450 | | | | |
| Fjallabyggð | 500 | 3.000 | 5.100 | 5.900 | |
| Árborg | 450 | 2.500 | 6.000 | 8.000 | |
| Múlaþing | 400 | | | | Frítt ef með lögheimili |
| Ísafjarðarbær | 1.330 | | | 4.450 | |
| Skagafjörður | 367 | | | | Frítt ef með lögheimili |
| Borgarbyggð | 390 | 2.640 | | 7.490 | |
| Suðurnesjabær | 490 | | | | Frítt ef með lögheimili |
| Reykjanésbær | 220 | | 4.150 | 15.000 | |
| Vestmannaeyjar | 1.050 | | 10.950 | 21.400 | Frítt ef með lögheimili |
| Akranes | 510 | | 5.250 | 15.760 | |
| Kópavogur | Frítt | | | | |
| Hafnarfjörður | Frítt | | | | |
| Garðabær | Frítt | | | | |
| Seltjarnarnes | Frítt | | | | |
| Ölfus | Frítt | | | | |
| Hveragerði | Frítt | | | | |
| Reykjavík | Frítt | | | | |

Vakin er athygli á því að mörg sveitarfélög eru með sérstakt gjald á eldri borgara og nokkur með sérstakt gjald fyrir eldri borgara viðkomandi sveitarfélags þrátt fyrir álit innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877. Þessi samanburður leiðir í ljós að þessi tillaga um árgjald að fjárhæð 4.000.- fyrir eldri borgara í sundlaugum Reykjavíkur stenst vel samanburð við það sem best gerist í umræddum sveitarfélögum.

Með þessari tillögu reiknar menningar-, íþróttar- og tómstundaráð með að auka tekjur Reykjavíkurborgar um kr. 30.000.000. Samhliða þessari tillögu vinnur ráðið að því við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 að nýta hluta þessara tekna til að auka stuðning við heilsueflingu eldra fólks í íþróttafélögum borgarinnar, sem greiðist til íþróttabandalags Reykjavíkur samkvæmt samningi og þannig til íþróttafélaga sem sinna heilsueflingu eldri borgara.

Þess má geta að menningar-, íþróttar- og tómstundaráð hefur með samþykkt borgarráðs skipað sérstakan stýrihóp til að fara yfir gjaldskrár stofnana menningar- og íþróttasviðs m.a. með það að markmiði að einfalda gjaldskrár og rýna möguleika á að auka tekjur borgarinnar. Hópurinn er nú að störfum og stefnir að því að skila af sér tillögum haustið 2024.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð telur þessa tillögu best til þessa fallna að tryggja eldri Reykvíkingum ódýran aðgang að sundlaugum borgarinnar en jafnframt að erlendir ferðamenn greiði fyrir þessa mikilvægu þjónustu rétt eins og víða þekkist erlendis.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.